

BORGARRÁÐ 26. ágúst 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda og afköst stafrænna leiðtoga - R21080162

Þrátt fyrir gríðarleg ráðgjafarkaup sviðsins, er alltaf verið að auka í hugmyndavinnuna sem ætlar greinilega engan endi að taka. Það þarf auðvitað ekki að koma á óvart að óstjórn á hinu stafræna sviði hjá þjónustu- og nýsköpunarsviðs auki enn á útgjöldin enda heilar tíu þúsund milljónir, þetta og næsta ár sem sviðið vill klárlega ná að eyða. Borgarfulltrúi Flokks fólksins spyr þess vegna: hversu mörgum stafrænum leiðtogum þarf þjónustu og nýsköpunarsvið á að halda ofan á allt annað sem búið er að eyða í allskyns hugmyndavinnu og tilraunastarfsemi og hvað munu borgarbúar fá í hendurnar fyrir þann pening sem þessar ráðningar stafrænna leiðtoga munu kosta?